


Alþingi  
Erindi nr. P 139/189  
komudagur 9.11.2010



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbréf 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. nóvember 2010

## Mál 77.

Veidimálastofnun barst til umsagnar mál 77, frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Áður hafði stofnunin sent þann 30. Júní umsögn um sama mál þá mál 660 í þingskjali nr. 1280, frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Veidimálastofnun styður markmið laganna og telur það skynsamlegt að stefnumótun eigi sér sífellt stað um nýtingu og verndun landsins gæða.

Tryggja þarf að verkefnisstjórn hafi góða faglega þekkingu og að hún sé studd af þeim stofnunum sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu og upplýsingum vegna áætlunargerðarinnar. Einnig þarf að tryggja að nægilega góð gögn séu til staðar um þá kosti sem meta á bæði hvað varðar lífríki og náttúrufar en á sumum svæðum skortir nauðsynlegar rannsóknir svo unnt sé að meta þá kosti. Því þurfa þær stofnanir sem að rannsóknum á náttúru landsins að hafa betri aðkomu að vinnu verkefnisstjórnar og gert kleyft að vinna gögn eða fá nýjar upplýsingar með rannsóknum. Þetta er ekki nægilega tryggt né skýrt í frumvarpinu. Veidimálastofnun býr yfir miklum upplýsingum og þekkingu um lífríki ferskvatns og veiðihlunninda, sem því miður hafa ekki hafa alltaf verið nýttar í fyrri vinnu í svokölluðum rammaáætlunum. Tryggja þarf að slíkt gerist ekki í framtíðinni.

Að framansögðu verður að teljast eðlilegt að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefni mann í verkefnisstjórn þar sem sá ráherra fer fyrir mikilvægum þáttum er snerta virkjanir bæði lífríki og náttúrufar vatna, veiðinýtingu þar svo og landbúnað.

Undirritaður er reiðubúinn að ræða þessi mál frekar ef að þingnefnd óskar eftir því.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri